



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

25. FUNDUR – 13. maí 2008

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 25. fundar þriðjudaginn 13. maí 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnáði honum. Erla Gunnarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
 - a. *Bæjarráð frá 16. apríl 2008*
 - b. *Bæjarráð frá 6. maí 2008*
 - c. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 21. apríl 2008*
 - d. *Æskulýðs- og tómstundanefnd frá 30. apríl 2008*

2. **Tillögur starfshóps um samstarf sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu**

Forseti leggur til að tekinn verði upp liðurinn önnur mál og var það samþykkt samhljóða.

3. **Önnur mál:**
 - a. *Fundargerð Fræðslunefndar frá 31. mars 2008*
 - b. *Fundarboð aðalfundur Ámundakinnar ehf*

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a. *Bæjarráð frá 16. apríl 2008*
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

 - b. *Bæjarráð frá 6. maí 2008*
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

 - c. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 21. apríl 2008*
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

 - d. *Æskulýðs- og tómstundanefnd frá 30. apríl 2008*
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. **Tillögur starfshóps um samstarf sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu**
Forseti fer yfir tillögur starfshópsins og dregur fram aðal atriði tillögunar. Almennar umræður um tillögur starfshópsins fóru fram á meðal bæjarfulltrúa. Ákveðið var að leggja fram eftirfarandi bókun:
„Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu og felur bæjarstjóra að undirrita samningana og samþykktirnar. Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að fyrirliggjandi drög séu fyrstu skref í þróun verkefnanna í átt að frekari hagræðingu og skilvirkni líkt og stefnt var að“.
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum og 1 sat hjá.



3. Önnur mál:

a. Fundargerð Fræðslunefndar frá 31. mars 2008

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Ákveðið var að leggja fram eftirfarandi bókun:

„Bæjarstjórn Blönduósþéjar lýsir yfir mikilli ánægju með störf starfsmanna og stjórnenda fræðslumála vegna þeirrar vinnu sem fram kemur í fundargerðinni um matslista Gerd Strand“.

Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b. Fundarboð aðalfundar Ámundakinnar ehf

Tillaga lögð fram um að fulltrúar Bæjarráðs sitji aðalfund Ámundakinnar ehf og formaður fari með atkvæðið. Borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:12

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Erla Gunnarsdóttir (sign.)